



Ályktun í lífeyrismálum

Verkafólk er að öllu jöfnu í meiri hættu á örorku en aðrar stéttir. Misjöfn örorkubyrði einstaka lífeyrissjóða dregur úr getu þeirra til að standa undir greiðslum ellilífeyris.

Til að bregðast við þessu jafnar ríkið örorkubyrði lífeyrissjóða að hluta með jöfnunargreiðslum. Núverandi fyrirkomulag jöfnunargreiðsla er ekki í hlutfalli við misþunga örorkubyrði. Áhersla SGS er að ríkið jafni að fullu örorkubyrði sjóðanna.

Verkafólk vinnur margt krefjandi störf hvort sem er litið til líkamlegs eða andlegs álags. Viðurkenningu vantar í samtryggingarkerfi almannatrygginga á þessu. Skilgreina þarf erfiðis vinnustéttir og viðurkenna að óraunhæft er að ætlast til þess að allar stéttir vinni jafn langa starfsævi. Tryggja skal erfiðsvinnustéttum afkomu og framfærslu á efri árum gegnum almannatryggingar með því að hækka framlag ríkisins til verkafólks sem vegna vinnuálags þarf að fara af vinnumarkaði. Aðkallandi er að skilgreina erfiðsvinnu hópa og vinna áfram hvernig almannatryggingar megja jafna álag yfir starfsævi stétta. Hætta skerðingu almannatrygginga hjá þeim sem eru á lægstu lífeyrisgreiðslum.

Hækkaður lífeyrisaldur hefur mismunandi áhrif á ólíkar starfsstéttir. Einstaklingar sem unnið hafa líkamlega erfiðisvinnu stærstan hluta starfsævinnar eiga erfiðara með að lengja starfsævi sína. Ævilengd fólks er misjöfn eftir störfum og menntunarstigi og lifir fólk með grunnskólamenntun að meðaltali skemur en einstaklingar með framhalds- og háskólamenntun.

Þá krefst SGS þess að stjórnvöld efni yfirlýsingar um lífeyrismál sem fylgdu aðgerðarþakka stjórnvalda við Lífskjarasamninginn sem snúa að því að ganga loks frá því að jafna lífeyrisréttindi á öllum vinnumarkaðnum.

8. þing Starfsgreinasambands Íslands haldið á Akureyri 23-25. mars 2022 krefst þess:

- Að lífeyrissjóðir leggi meiri þunga í að koma réttindum til fólks er flyst erlendis til skila.
- Að lífeyristökualdur hjá erfiðisvinnu stéttum miðist við 67 ára aldur.
- Að lífeyrissjóðir beiti sér á hluthafafundum gegn ofurlaunum og bónusum og séu virkir eigendur í fyrirtækjum.
- Að ríkið dragi úr skerðingum á lífeyrisþegum í almannatryggingakerfinu
- Að ríkið jafni að fullu örorkubyrði sjóðanna.
- Að 3,5% aukning móttframlags sem samið var um 2016 verði lögfest.
- Frítekjumark almannatrygginga vegna lífeyristekna verði með sama hætti og vegna atvinnutekna.